

## AUGLÝSING

um dómsorð Kjaradóms, uppkveðnum 4. júní 1975 í málinu nr. 1/1975: Bandalag starfsmanna ríkis og bæja gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

### 1. gr.

1. gr. aðalkjarasamnings aðila orðist svo:

1. mgr. Föst mánaðarlaun starfsmanns, sem gegnir fullu starfi skv. 8. gr., skulu vera eins og segir í neðangreindum launaflokkum frá og með 1. mars 1975 fyrir launaflokka 10. til 24., og frá 1. maí 1975 fyrir launaflokka 25. og hærri, skv. nánari ákvæðum samnings þessa, miðað við kaupgreiðsluvisitölu 106,18, og að meðtöldum launajöfnunarbótum, sbr. lög nr. 13/1975.

Launaflokkur	1. þrep	2. þrep	3. þrep	4. þrep	5. þrep
10	42 387	42 387	43 646	46 764	48 622
11	42 387	43 646	46 746	48 622	50 500
12	43 646	46 746	48 622	50 500	52 564
13	46 746	48 622	50 500	52 564	55 192
14	48 622	50 500	52 564	55 192	57 820
15	50 500	52 564	55 192	57 820	59 911
16	52 564	55 192	57 820	59 911	61 583
17	55 192	57 820	59 911	61 583	63 255
18	57 820	59 911	61 583	63 255	64 926
19	59 911	61 583	63 255	64 926	66 597
20	61 583	63 255	64 926	66 597	69 053
21	63 255	64 926	66 597	69 053	71 508
22	64 926	66 597	69 053	71 508	73 965
23	66 597	69 053	71 508	73 965	76 420
24	69 053	71 508	73 965	76 420	79 752
25	71 508	73 965	76 420	79 752	83 085
26	73 965	76 420	79 752	83 085	86 418
27	76 420	79 752	83 085	86 418	89 751
28	79 752	83 085	86 418	89 751	93 082
B1	96 976	96 976	96 976	96 976	96 976
B2	102 238	102 238	102 238	102 238	102 238
B3	107 500	107 500	107 500	107 500	107 500
B4	112 763	112 763	112 763	112 763	112 763
B5	118 901	118 901	118 901	118 901	118 901
B6	122 321	122 321	122 321	122 321	122 321
B7	125 844	125 844	125 844	125 844	125 844
B8	129 472	129 472	129 472	129 472	129 472

2. mgr. Laun skv. þessari grein skulu hækka um 3% frá 1. júní 1975, svo sem um var samið hinn 1. mars 1974.

**2. gr.**

2. mgr. 14. gr. aðalkjarasamnings aðila orðist svo:

Vaktaálag skal frá 1. mars 1975 að telja vera 132 kr. á klst. hjá starfsmönnum í 19. launaflokki og þar fyrir neðan, en 136 kr. á klst. hjá starfsmönnum, er taka laun í 20. launaflokki og ofar.

**3. gr.**

Aðalkjarasamningur aðila frá 15. desember 1973, sbr. samning um breytingu á þeim samningi frá 1. mars 1974, sbr. og ákvæði laga nr. 13/1975 um launajöfnunar- bætur o. fl. að því er tekur til greiðslu verðlagsuppbótar, framlengist að öðru leyti óbreyttur.

**4. gr.**

Greiðslum gjaldfallinna mánaðarlauna, skv. 1. ákvæði dómsorðs þessa, fyrir tímabilið 1. mars 1975 til 30. júní 1975 skal lokið 20. júní 1975.

*Fjármálaráðuneytið, 12. júní 1975.*

**F. h. r.**

**Höskuldur Jónsson.**

*Guðmundur Einarsson.*

**AUGLÝSING**

um dómsorð Kjaradóms, uppkveðnum 4. júní 1975 í málinu nr. 2/1975: **Bandalag háskólamanna gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.**

**1. gr.**

1. gr. aðalkjarasamnings aðila orðist svo:

1. mgr. Föst mánaðarlaun starfsmanns, sem gegnir fullu starfi skv. 7. gr., skulu vera eins og segir í neðangreindum launaflokkum frá og með 1. mars 1975 fyrir launaflokka A1 til A15, og frá 1. maí 1975 fyrir launaflokka A16 og hærri, skv. nánari ákvæðum samnings þessa, miðað við kaupgreiðsluvisitölu 106,18, og að með- töldum launajöfnunarbótum sbr. lög nr. 13/1975.

Launaflokkur	1. þrep	2. þrep	3. þrep	4. þrep	5. þrep
A1	42 387	42 387	43 616	46 787	48 646
A2	42 387	43 616	46 787	48 646	50 506
A3	43 616	46 787	48 646	50 506	52 584
A4	46 787	48 646	50 506	52 584	55 208
A5	48 646	50 506	52 584	55 208	57 833
A6	50 506	52 584	55 208	57 833	59 910
A7	52 584	55 208	57 833	59 910	61 585
A8	55 208	57 833	59 910	61 585	63 230
A9	57 833	59 910	61 585	63 230	64 961
A10	59 910	61 585	63 230	64 961	66 582
A11	61 585	63 230	64 961	66 582	69 097
A12	63 230	64 961	66 582	69 097	71 504
A13	64 961	66 582	69 097	71 504	74 019
A14	66 582	69 097	71 504	74 019	76 425
A15	69 097	71 504	74 019	76 425	79 706
A16	71 504	74 019	76 425	79 706	83 096
A17	74 019	76 425	79 706	83 096	86 377